

bírta

best í heimi

VETRARTÍSKA

Töff að vera hlytt

HÚÐUMHIRÐA

Meira en bara góð krem

MATUR *Brauðbúðingur*

GLÖGGBT ER GESTS AUGAÐ

» Ísland með augum útlendinga

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
27. október - 2. nóvember

L'

O



„Calsium, það er framtíðin fyrir mína húð!”

Jane Fonda, 68 ára.

Jane Fonda

AGE RE-PERFECT

Pro-Calcium

Endurbyggir og styrkir húðina með calcium.

NÝJUNG Enduruppbryggjandi djúpnæring
Vinnur gegn slappri húð.
Styrkir þunna, veikbyggða húð.


78% kvennanna staðfestu árangur gegn slappri húð.
Visindalega prófað á 51 konu.

Pro-Calcium er lífræn framsetning calcium,
sem húðin nær að draga beint til sín.

Pví þú ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.



Allt um húð þína
eftir sextugt á
www.lorealparis.com



FRÁ 60 ÁRA ALDRI, NÆRING FYRIR PROSKAÐA HÚÐ.

L'ORÉAL
PARIS

KÓLESTERÓL
KÓLESTERÓL
KÓLESTERÓL



Strokaðu út hættumerkin með Flora pro.activ

Rannsóknir sýna að kólesterólmagn lækkar umtalsvert þegar Flora pro.activ er notað í staðinn fyrir annað viðbit. Flora pro.activ inniheldur plöntusteróla sem lækka kólesterólmagn í blóðinu. Dagleg neysla á Flora pro.activ er ljúffeng aðferð til að hugsa vel um hjartað og bæta heilsuna.





20



26



7



12

Þetta helst

- 7 Hrekkjavakan
- 8 Heitt og kalt
- 8 Jólaundirbúningur
- 10 Brennsla Daníels Þorsteinssonar
- 12 Leyfi til að lifa, skemmta sér og hlæja
- 18 Fleiri leita sér hjálpar

Greinar og viðtöl

- 14 Hönnun: Skepnusköpun fyrir ímyndunaraflíð
- 16 Dagur hinna dauðu
- 20 Leiksýningin Ísland - best í heimi
- 26 Matur - Croissant

Hann/hún

- 32 Töff að vera hlýtt
- 34 Tískuikon: Twiggy
- 36 Brynhildur Björnsdóttir elur upp
- 38 Saga maskarans
- 40 Tryggi Gunnarsson segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Sílikon ekki lengur sexí
- 44 Húðumhirða er meira en góð krem
- 46 Stelpu- og strákamyn dir

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

ÚTGÁUFÉLAG: 365 – prentmiðlar

RITSTJÓRI: Kristín Eva Pórhallsdóttir

kristineva@frettabladid.is

ÁBYRGÐARMADUR: Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000

DREIFING: Pósthúsíð ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:

Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is

Sólustjóri / 550 5845 / 899 0797

Guðrý Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is

Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796

Ragna R. Rúnarsdóttir / ragna.rosa.runarsdottir@365.is

Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 896 6677

Auður Harpa Andréssdóttir / audur.harpa@365.is

Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar

Atli Þór Fanndal og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmeðja ehf.

FORSÍÐUMYND: Valli

NETFANG: bírtá@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæði

ini, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi,

Selfossi og Hveragerði.

3. sætið

Setjum **Guðfinnu S. Bjarnadóttur**
í **3. sætið** í prófkjöri sjálfstæðismanna
í Reykjavík 27. og 28. október 2006.

Stuðningsfólk



Guðfinna S. Bjarnadóttir

Valfrelsi og skapandi umhverfi

KOSNINGASKRIFSTOFA LANDSÍMAHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL
Opíð virka daga kl. 10:00–20:00 Helgar kl. 10:00–18:00 SÍMI 591 1100

www.gudfinna.is
gudfinna@gudfinna.is

Hrekkjavaka

Hrekkjavaka kemur úr keltneskri trú og á gelísku hét hátiðin Samhain, eða Hátið hinna dauðu, en seinna breyttist nafnið í Hallowe'en.

Á Hátið hinna dauðu voru mörkin á heimum hinna lifandi og dauðu óljós og draugar og aðrar óvættir voru taldar vera á kreiki. Á Írlandi og í Skotlandi var kveikt í bálköstum til að vernda hina lifandi og hefð myndaðist fyrir því að logandi kertum væri komið fyrir í útskornum næpum. Algengt var í upphafi að folk dulbyggi sig til þess að óvættirnar þekktu það ekki og seinna varð það að sið að unglingsar og fullorðnir færðu á milli húsa í búningum og gerðu heimilisfólki grikk.

Pegar Írar og Skotar settust að í Ameríku fluttist hátiðin með þeim

Texti: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR
Mynd: STEFÁN

þangað. Í Bandaríkjunum uxu grasker sem voru tölvert stærri en næpurnar svo auðveldara var að skera þau út og urðu þau táknaðir hinnar bandarísku Halloween. Par eru það aðallega börn sem fara á milli húsa í grímubúningum og bjóða þau heimilisfólki að hrekkja það ekki í skiptum fyrir sælgæti.

Á Íslandi hefur ekki skapast hefð fyrir hrekkjavöku þar sem öskudagurinn þjónar svipuðum tilgangi hjá íslenskum börnum, en þó má stundum sjá undarlegar verur á ferli hér á landi á þessum degi. Það sakar því ekki að tryggja sig með því að kveikja á eins og einu kerti í útskorinni appelsínu og koma henni fyrir á góðum stað.



| heitt & kalt |

Heitt



AXLABÖND Praktísk og flott. Fást með alls konar munstrum og koma vel út við nánast hvað sem er.

Vögt



DANS Það styrkir sambandið við makann að stíga sporin og fyrir einhleypa er það fínasta leið til að blanda geði við hitt kynið.

Hvorki heitt né kalt



LITAÐAR LINSUR Í einstaka tilfellum kemur það vel út að nota litaðar linsur, en yfirleitt verða augun skringileg og líflaus þegar ónáttúrulegur litur er settur yfir sjáöldrin.

Við stofuhita



SILFUR EGILS Það er orðið hálf þreytandi að hlusta endalaust á karla segja álit sitt á þjódmálunum. Af hverju er ekki spjallþáttur á skjánum þar sem konur eru í meirihluta? Það er ekki eins og konur séu lítið fyrir spjall ...

Ískalt



KLÁMTÍSKA Að vilja líkjast klámmýndaleikkonum frá Los Angeles er lítið elegant. Aflitað hár, svartar augabréunir, ofurbrjóst og langar neglur. Birta segir pass ... Er þá ekki Audrey Hepburn lúkkið flottara?

JÓLAKORTIN eiga alltaf að vera svo ótrúlega sérstök eitthvað en tíminn til að gera þau er oftast of stuttur. Nú er ráð að bæta um betur, byrjaðu að skapa strax í dag.



HÝASINTUR ERU JÓALEG BLÓM en ef ætlunin er að rækta þær frá grunni og setja laukana niður sjálfur er ekki seinna vænna.

JÓLIN NÁLGAST

Já. Ótrúlegt? Kannski, en alveg satt. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir snemmbúnum jóláróðri verða samt að sætta sig við þessa staðreynnd. Þau nálgast hægt og bítandi þessa dagana og áður en varir fara dagarnir að stytta og líða hraðar. Þeir sem ætla sér að föndra, sauma, leggja í bleytti eða rækta blóm í tæka tilð fyrir jólín verða að fara að hefjast handa. Það er fátt leiðinlegra en að ætla sér að handsauma öll sín jólakort og komast allt í einu að því í desember að allur gullþráður er löngu uppseldur og enginn tími er til stefnu. Fyrir suma er þessi snemmbúni undirbúnungur jólanna jafnvel skemmtilegri en jólín sjálf. Jólaundirbúnungur styttr morgum skammtilegum og svo er ljúft að geta slappað af og stundað jólahaðborð, tónleika og kaffihús á aðventunni í þeirri sælu vissu að jólín geti komið hvenær sem er, maður sé búinn að nánast öllu.

ENSKA JÓLAKÖKU þarf að vökvá upp úr viskii eða öðru sterku áfengi í að minnsta kosti níu vikur til að eitthvað bragð náist, að mati ákafrá jólakökunnenda. Bakaðu jólakökuna um helgina og vökváðu svo einu sinni í viku fram að jólum. Best er að vera afslappaður gagnvart kökunni og eiga ljúfa stund með henni vikulega.



Það tekur tímann sinn að **SAUMA JÓLADÚK** svo nú er um að gera að byrja að bródera svo hann breytist ekki í páskadúk og þú þurfir að sauma gogg á öll hreindýrin.



JÓLAPAKKA TIL ÚTLANDA

þarf að senda í tíma og ekki úr vegi að klára þann hluta undirbúningsins í nóvember.



Hver segir að fjölskylduboð geti ekki verið fjör?

Pabbi sagði að það yrði fjölskylduboð um helgina. Frábært. Einmitt það sem mig langaði að eyða sunnudeginum í. Eða þannig. En þegar til kom þá voru allir þarna. Öll fjölskyldan. Og veistu hvað – það var bara ótrúlega gaman.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



brennslan mín ...

Daniel Þorsteinsson

Hápunktur tónlistarsögunnar

Daniel Þorsteinsson, starfsmaður hugbúnaðarfyrirtækisins hexia.net og fyrverandi trommari Maus, er önnum kafinn með nýrri hljómsveit sinni SOMETIME, sem hefur hlutið frábærar viðtökur, en hægt er að lesa sér til um hana á myspace.com/sometimegroup og einnig skoða nýtt myndband með henni. Daniel, eða Danni eins og hann er kallaður, var svo vænn að henda saman lagalista fyrir Brennsluna, sem er samþland laga sem hafa annað hvort alltaf verið í miklu uppháaldi hjá honum eða hann hefur uppgötvað á nýjan leik. „Mér fannst erfitt að gera upp á milli laga, hefði til að mynda viljað hafa fleiri lög frá árunum 1992-3, en þetta er niðurstaðan að vel athuguðu máli,“ útskýrir hann. „Gjörið svo vel og njótið.“

LAG 1 | Satanic Reverses - Disposable Heroes of Hiphoprisy.

Elska bara '92 hljóminn í þessu lagi, sem er hart og kraftmikið.

LAG 2 | Get Crunk - Bo Hagon með Lil Jon and the East Side Boyz.

Kraftmikið lag tekið af Crunk Juice frá árinu 2004, einni svölustu plötum sem ég hef á vinni heyrta.

LAG 3 | Dirty - Korn

Kraftmikið og melodískt lag af plötunni Issues, sem er það góð í heild sinni og samsetningu að hún minnir helst á Smile með Beach Boys.

LAG 4 | Bucky Down Gun - M.I.A.

Skemmtilegt og hresst lag. Það er eins og að hlusta á melódíksa vélbyssu að hafa þetta lag í spilarnum.

LAG 5 | Water - Sykurmolarnir

Það er erfitt að velja á milli laga með þeim, en þetta lag er í miklu uppháaldi hjá mér núna. Ég get ekki bedið eftir að sjá þau á tónleikunum.

LAG 6 | Silent Shout - the Knife

Þar sem það er svo erfitt að velja á milli laga á plötunni, sem er með þeim betri sem ég hef heyrta í 5 ár, valdi ég bara titillagið. Magnaðar raddpælingar.

LAG 7 | Cuddle Up - Beach Boys

Það fá engin orð lýst þessum dreng. Málið er bara að leggiast á gólfíð, loka augunum, þegja og innbyrða snilldina.

LAG 8 | God Only Knows - Beach Boys

Að öllum líkindum hápunktur tónlistarsögunnar.

LAG 9 | Lovers and friends (chopped and screwed) - Usher & Ludacris með Lil Jon and the East Side Boyz

Frábært lag af geðsjúkri plötum. Michael „5000“ Watts virðist einn fær um að gera almennilegt chopped and screwed lag.

LAG 10 | The Great Below - Nine Inch Nails

Tilfinningaþrungið og kraftmikið lag. Það er ekki hægt að ætlast til meira af lokalagi.

» birta mælir með ...

... GREEN TEA HONEY DROPS LÍKAMSKREM-INU. Grænt te, hunang og sítróna... hljómar eins og skyndilækning við kvefi en það er æskilegt að vera ekki með mjög stíflað nef þegar þetta krem er boríð á líkamann því þá er hætta á að missa af anganinni sem er engu lík, mjúk og höfug en jafnframt hressandi, og einstaklega kvenleg. Áferðin á kreminu er mjúk og þægileg og rúsínan í pylsudanum er svo litlu hunangsdroparnir sem virka eins og skrubb og vinna með græna teinu í því að vekja líkamann og hressa hann við. Ótrúlega ljúft.



... ZHENA'S RASPBERRY EARL GREY. Þar blandast berjabragðið ítalski bergamot-appelsínulíu sem er svo hellt yfir svört telauf frá Suður-Índlandi. Sígaunate er einstaklega bragðgott og náttúrulegt og ekki spillir fyrir að framleiðendurnir stunda sanngjörn viðskipti, eða „Fair trade“ en það þýðir að þeir sem vinna í þróðja heiminum við að tína telaufin fá mannsæmandi laun og vinnutíma, heilsugæslu og fæðingarorlof. Enda finnst það á bragðinu að þetta te er tint af glöðu og ánægðu fólk.

... MÝRINNÍ, sem er algerlega frábær bíómynd og góð skemmtun. Allir leika vel í myndinni, handritið er stórgott og tónlist og hljóð sérstaklega vel unnið. Ef von er á fleiri myndum sem þessari eiga Hollywoodmyndirnar undir högg að sækja, og fólk fer að velja íslenskt í bíó.



Priggja sjónarhorna sjónvarp

NYTT

Fyrirtækið Sharp hefur nú þróað sjónvarpstæki með nýrri gerð af kristalskjá (LCD), sem er þeim kostum gætt að í því er hægt að horfa á þrjár sjónvarpsútsendingar í einu. Það er einfaldlega háð því frá hvaða sjónarhorni horft er á skjáinn hvað sést, hvort maður horfir beint framan á hann eða frá hliðunum. Þannig getur áhorfandi valið um þrjár útsendingar, auk þess sem fjölskyldumeðlimir þurfa ekki lengur að deila um á hvað sé horft, því nú geta allir setið sáttir fyrir framan skjáinn með efni að sínum smekk. Skjáinn er einnig tilvalinn til ferðalaga. Bílstjóri getur til að mynda lesið götuleiðbeiningar af honum á meðan farþegi í framsæti og aftursæti geta horft á sitthvert sjónvarpsefnið. Nánar á www.sharp-world.com.



Gjafahandbók

Flugstöðvarinnar er komin út



Dagana **12. október – 21. nóvember** geta farþegar nálgast Gjafahandbók Flugstöðvarinnar í öllum verslunum Flugstöðvarinnar og á heimasíðunni www.airport.is.

Gjafahandbókin er jafnframt happadrættismiði og geta heppnir farþegar unnið til glæsilegra vinninga. Dregið er út vikulega og eru vinningsnúmer auglýst á heimasíðu Flugstöðvarinnar www.airport.is



Góðir farþegar

Vegna framkvæmda í flugstöðinni og aukinna öryggisráðstafanna hvetjum við fólk til þess að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Mætið tímanlega og njótið ferðarinna. Innritun hefst **kl. 5.00** eða **2 tímum** fyrir brottför.



Texti: BRYNHILDUR BJÖRNNSDÓTTIR

Myndir: HEIÐA

» Leyfi til að lifa, skemmta sér og hlæja

„Í ellinni ætla ég að ganga í fjólubláum fótum/ og flíka rauðum hatti sem fer mér ekki ...“ Svona hefst ljóð eftir bandarísku skáldkonuna Jenny Joseph. Þar fjallar hún um allt sem hún ætlar að gera þegar hún verður gömul og allt sem hún má ekki gera þegar hún er ung. Súsanna Svavarsdóttir hefur þýtt bók um Rauðhettuklúbbinn yfir á íslensku og er sjálf rauðhetta af heilum hug.

HVAÐ ER RAUÐHETTUKLÚBBURINN?

Þetta er félagsskapur kvenna fimmtíu ára og eldri sem varð til í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum þegar fimm vinkonur höfðu komið sér upp rauðum höttum í tilefni af fimmtugsfæmlunum sínum og komust að því að þegar þær voru búnar að setja upp rauðu hattana og komnar í fjólubláa múnðeringu gerðist eitthvað innra með þeim og þær sleptu fram af sér beislinu. Vinkonur þeirra og kunningjakonur fréttu af þessu og í dag eru fimm hundruð þúsund konur í Bandaríkjunum og Kanada í þessum félagsskap sem breiðist hratt út um allan heim. Grundvallartilgangur félagsins er að endurheimta leikeðlið, skemmta sér og hlæja. Við erum loksins að læra af strákunum sem eru alltaf að leika sér með veiðistangir og golfkylfur og bíla. Við klæðum okkur upp og gerum það sem okkur sýnist.

HVERNIG VERÐUR KONA RAUÐHETTA?

Það eru engar reglur nema að fimmtugsaldri hafi verið náð. Hver sem er getur stofnað deild og allir mega vera með. Eina sem þarf að gera er að fá leyfi frá höfuð-

stöðvunum úti. Það er hægt að gera með tölvpósti og það fær enginn neitun. Hér á Íslandi eru starfræktar nokkrar deildir og þær eru alltaf að verða fleiri. Þær sem vilja kynna sér málid nánar geta farið á heimasíðuna, www.redhatsociety.com, eða á íslensku heimasíðuna sem fyrst um sinn er hýst á www.salkaforlag.is. Þær geta deildirnar haft samskipti sín á milli og skipst á hugmyndum. Það hefur komið í ljós að yngri konur vilja endilega vera með og þær fá að vera bleikhettur og æfa sig í því að vera fimmtugar.

AF HVERJU FIMMTUGAR OG ELDRI?

Á þessum aldri eru flestar konur búnar að koma sér fyrir sem eiginkonur, mæður, jafnvel ömmur og komnar á sinn stað í atvinnulífinu og við sinnum þeim hlutverkum auðvitað áfram þótt við verðum rauðhettur og lærum að skemmta okkur. Það er algengt að upp úr fimmtugu, þegar þessi hlutverk hafa verið uppfyllt koðni konur niður af því að þær geta ekki staðið undir kröfunum sem gerðar eru til kvenna og verða því alltaf orkuminni og daprarí. Það skiptir engu málí hvort rauðhettur eru feitar,

mjóar, klárar, menntaðar eða ríkar, málíð er halda karokí-keppni eða náttfatapartí með vinkonum sínum og skemmta sér drottningarlega. Ef við söfnumst saman og hlæjum þá gefur það svo mikla orku.


Eftir fimmtugt erum við orðnar frjálsar undan kröfum um útlit, frama og skynsemi og við gerum það sem okkur sýnist. Hjá rauðhettum er lögð mikil áhersla á að vera ánægð með það sem þú hefur. Þetta snýst um hlátur og lífsgleði.

UM HVAÐ ER BÓKIN?

Í bókinni er fjallað um hvernig rauðhettuhlutverkið samræmist öðrum hlutverkum kvenna og auðgar þau. Hún fjallar mikið um sjálfsvirðingu kvenna sem eru komnar yfir fimmtugt, hverjir eru kostir okkar og af hverju við eignum ekki að láta deigan síga. Þetta er engin fyrirmælabók heldur er bara varpað fram hugmyndum. Við getum tekið það sem okkur passar og látið hitt liggja milli hluta.

ER NÓG AÐ FÁ SÉR RAUDAN
HATT OG LEYFI TIL AÐ LIFA?
Einmitt! Og hlæja!!

Regína Ósk - er komin í Skífuna



Frábær plata
með frábæri
söngkonu

Inniheldur 11 æðisleg lög
Ástfangin, Allt í himnalagi
Trúin flytur fjöll, Hjartans lag
Ljósin komu, Draumur um dag
Prins, í djúpum dal
Andartak, Hvað tekur við?
þér við hlið

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!



Skepnusköpun fyrir ímyndunaraflíð

Róshildur Jónsdóttir útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands síðasta vor. Hún hefur vakið hvað mesta athygli fyrir hönnun sína Skepnusköpun, sem eru leikföng úr fiskihausabeinum, en verkefnið vann hún sem útskriftarverkefni.

„Fiskibeinunum er ætlað að veita börnum og fullorðnum tækifæri á að beita skapandi hugsun,“ segir Róshildur. „Ég nota bein úr fiskihausum, ýsu, steinbit eða í raun hvaða fisk sem er. Beinunum er púslað saman eins og ímyndunaraflíð leyfir. Í raun er sama concept á bakvið þetta eins og flugvélamódel nema hér er ekkert fyrirfram gefið form.“

Róshildur segir krakka á öllum aldri heillast af Skepnusköpuninni. „Þetta er líka vinsælt hjá eldra fólk sem lék sér að beinum í sínum ungdómi. Sjálf lék ég mér að beinum og hornum þegar ég var ung enda alin upp í sveit. Í raun kemur innblásturinn þaðan. Í dag eru flutt inn plastleikföng frá Taívan í tonnavís en mörg þessara leikfanga eru sneydd skapandi hugsun. Ímyndunaraflíð sem er í kringum leikinn er eitt hvað sem ég vildi endurvekja. Auk þess finnst mér sorglegt hvað íslensk náttúruleg hræfni eru illa nýtt. Ég stúderaði í BA-ritgerðinni minni hvað hefur verið notað af dýrafrúnum í gegnum aldirnar í nytjahluti. Út frá því kvíknaði áhugi minn fyrir því að nýta náttúrulegu hræfnin betur.“

Hugmynd Róshildað að leik með fiskibein er ekki ný af nálinni. Á fyrsta árinu sínu í Listaháskólanum notaði hún leggi og bein til að endurvekja gamlan leik. „Ég vann það verkefni fyrst sem ádeiluvekefni. Ég setti leggi og bein í spennandi pakkningarára til að vekja athygli á ónýtttri afurð og skorti á skapandi hugsun í leikföngum. Svo koma í ljós að fólk hefur mikinn áhuga á að kaupa þetta.“ Hönnun Róshildað hefur vakið mikla athygli í hönnunarbúðum erlendis bæði í London og New York og á Spáni. „Í raun eru allir að biða eftir því að ég hefji framleiðslu á þessu. Pað mun auðvitað taka mig tíma en ég verð vonandi komin á fullt með þetta innan árs.“

Meira má sjá af hönnun Róshildað á www.roshildur.com.

Viðtal: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR



Á fyrsta árinu sínu í Listaháskólanum vann Róshildur með leggi og bein sem leikföng til að velja athygli á skorti á skapandi hugsun í nútímaleikföngum.



Úr fiskihausabeinunum má skapa skemmtilegar figúrur, fallega engla, skúlpturna og hvað það sem hugarflugið leyfir.

leðursófar

DeCoro

leðurstólar




LÍNAN
HÚSGÖGN

SUÐURLANDSbraut 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Einu sinni á ári snúa hinir dauðu aftur og ráfa um lönd þeirra sem enn lifa. Hljómar eins og eitthvað hættulegt, en er í raun ekkert annað en fyrirtaks afsökun til að halda veislu.

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON
Myndir: NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Kirkjugarðurinn á Janitzio eyju í Mexíkó breytist í athvarf fyrir hina lífandi, jafnt sem þá dánu, á degi hinna dauðu.

Dagur hinna dauðu

Dagur hinna dauðu er haldinn hátíðlegur í Mexíkó, í öðrum löndum Suður-Ameríku að einhverju leyti, og á Filippseyjum. Í raun er réttara að segja dagar hinna dauðu, því um tveggja daga hátíð er að ræða sem tileinkuð er minningu látinna ættingja og vina.

Pessir dagar eru fyrsti og annar nóvember. Fyrsti nóvember er allra heilagra messa og þá snúa sálir látinna barna aftur til mannheima. Annar nóvember kallast allra sálna messa og þá snúa þeir fullorðnu aftur. Til að undirbúa komu þeirra hreinsa Mexíkóar grafir og grafhýsi og koma upp ölturum í heimahúsum. Á þessi ölturu láta þeir myndir af látnum ættingjum, krossa, myndir af Maríu Mey, kveikja á kertum og minnast þeirra látnu. Teppi og koddar liggja í görðum svo hinir látnu geti hvílst á sinni löngu leið, og guðforeldrar látinna barna leggja á borð fyrir látin börn og fjölskyldu þeirra og rifja upp góðar stundir sem barnið átti.

Það er engin sorg á degi hinna dauðu og í stað þess að gráta missi ásvina er lífi þeirra fagn-að. Kveikt er á kertum í kirkjugarðum og ofrendas, fórnir, eru færðar þeim sem gista næsta heim. Pessar fórnir eru yfirleitt matur, nammi og áfengi, allt eftir líferni hinna látnu. Andarnir eru hins vegar svolítið villuráfandi og þurfa leiðsögn og til að laða þá að fórnunum eru

grafir skreyttar með „blómum hinna dauðu“ og „tveggja tuga blómum“ en ilmur þeirra á að kalla andana til sín. Til að lokka að los angelitos, eða litlu englana, eru hins vegar notuð leikföng því fátt er meira heillandi í augum barna en lítrík leikföng. Sumir kjósa að sitja við grafir alla nót og er þá sungið, dansað, og drukkið fram að sólarupprás.

Á götum er allt út í hauskúpum. Ekki til að minna á alvarleika dauðans heldur til að gera grín að honum. Krakkar klæða sig eins og beinagrindur og betla peninga af vegfarendum. Miklar skrúðgöngur fylla göturnar og sykurhöfuð-kúpur fast á hverju horni. Á enni þeirra er letrað nafn

látns vinar eða ættingja sem borðað er með kúpuni.

Dagur hinna dauðu er í raun ekki hátíð tileinkuð dauðanum heldur lífinu. Í stað þess að hræðast dauðann og berjast við hann er honum fagnað. Honum er fagnað sem upphafi einhvers nýs, einhvers sem kannski er mikið betra en þetta jarðneska líf.





EVA
1.450 kr.



STAR DUST
3.780 kr.



PERNILLE
3.980 kr.



NÝJU SIRIUS LJÓSASERÍURNAR


LÁTTU HEILLAST!



NELLIE
5.250 kr.



ANNIE
2.480 kr.



COCO
1.350 kr.



MARY
3.250 kr.



IDA
2.950 kr.



MIKELA
3.250 kr.



LAURA
3.980 kr.



NINA
3.250 kr.



DEBBIE
2.380 kr.



JOACHIM
2.350 kr.



heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Fleiri leita sér hjálpar

Aðsókn kvenna að Kvennaathvarfinu eykst með ári hverju. Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um Kvennaathvarf, segir að fjölgum verði úrræðum til að stemma stigu við ofbeldi.

„Markmið okkar er að reka athvarf fyrir konur og börn þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra,“ útskýrir Sigþrúður um starfsemi Samtaka um Kvennaathvarf. „Eða konur sem hafa lent í nauðgum. Hins vegar veitum við ráðgjöf og upplýsingar og eflum fræðslu um kynbundið ofbeldi.“

Að sögn Sigþrúðar geta konur hringt í neyðarsíma Kvennaathvarfsins sem er opinn allan sólarhringinn þar sem þær geta fengið ráðgjöf og stuðning. Þær geta einnig komið í viðtöl. Þá geta konur sem flyja ofbeldi dvalist í Kvennaathvarfinu í skemmri eða lengri tíma, með eða án barnanna sinna, á meðan þær eru að vinna úr sínum málum. Loks geta konur gengið í sjálfsþjálparkópa.

Spurð hver sé algengasta orsök þess að konur leiti til Kvennaathvarfsins, segir Sigþrúður langflestari kennanna flýja ofbeldi á heimilum sínum, þar sem ofbeldismaðurinn er í flestum tilfellum núverandi eða fyrverandi maki en stundum einhver annar eins og faðir, sonur eða nágranni. „Við skilgreinum heimilisofbeldi með þeim hætti að það sé þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar, félagslegrar eða fjárhagslegrar bindingar,“ útskýrir hún.

Á síðastliðnum árum hefur aðsókn að Kvennaathvarfinu aukist töluluvert og segir Sigþrúður erfitt að meta hvort ofbeldi hafi aukist í þjóðfélaginu eða ekki. „Við vonum auðvitað að aukningin stafi af því að fleiri konur leiti sér hjálpar heldur en að fórnarlömbum ofbeldis fjölgi,“ heldur hún áfram. „Konur á aldrinum 25-40 ára eru um helmingur þeirra sem hingað koma. Í ársskýrslu 2005 gátu konur nefnt fleiri en eina ástæðu fyrir komu sinni og töldu 90% þeirra upp andlegt ofbeldi og 45% líkamlegt ofbeldi. Í sumum tilvikum þurfa sömu konurnar að leita hingað oftar en einu sinni.“ Að sögn Sigþrúðar eru 40% kvenna sem sækja um dvöl í Kvennaathvarfinu að erlendi bergi brotin. „Við rekjum þetta háa hlutfall til þess að erlendu konurnar hafa sjaldnar það félagslega net sem þær íslensku búa við,“ segir hún. „Margar íslenskar konur sem lenda í ofbeldi leita til dæmis ekki til okkar, heldur



flytja út af heimilum sínum til foreldra sinna, vina eða annarra vandamanna.“

Sigþrúður segir enn mörgu ábótavant í baráttunni gegn ofbeldi kvenna. „Konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi eiga erfitt með að leita réttar síns og þar að auki hefur öryggi þeirra ekki verið nægjanlega tryggt,“ útskýrir hún. „Það væri jákvætt að sjá það oftar gerast að lögreglan gæti fjarlægt ofbeldismanninn af heimilinu en ekki konuna, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem börn eru í spilinu. Það væri einnig óskandi að lögregla hefði í sumum tilvikum heimild til að setja nálgunarbann á ofbeldismennina enda getur það tekið langan tíma að reka þessi mál fyrir dómstólum.“

Sigþrúður vill ennfremur að kaupendur vændis verði gerðir saknæmir eins og gert hefur verið í Svíþjóð. „Þeir eru náttúrulega að misnota sér bágþorna aðstöðu þeirra sem leiðast út í vændi, sem eru í yfirgnaefandi meirihluta konur,“ segir hún. „Á móti finnst mér engin ástæða til að refsa vændiskonum heldur hjálpa þeim út úr þessum hræðilegu aðstæðum,“ bætir hún við.

„Um þessar mundir höfum við einnig töluberðar áhyggjur af mansali hérlandis,“ segir Sigþrúður. „Ég tel að við séum ekki nógur langt á veg komin í að greina fórnarlömbin og veita þeim þá þjónustu sem þau vantar. Nú er unnið að því að bæta úr því.“

NEW CONCEPTS
Hönnur: Lodovico Acerbis, 1999



NÝ HUGSUN

PIPAR • SIA • 60544



Þú upplifir sönn nútímaþægindi með NEW CONCEPTS línumni frá Acerbis. Í baki skápanna er 10 sm breið rauf með innbyggðri lýsingu sem skapar notalega stemningu auk þess að fela allar tilheyrandi snúrur.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

GLÖGGBT ER GESTS AUGAÐ

Kona kemur inn í bakarí. Hún brosir vandræðalega og segir á fallegri íslensku með sterkum erlendum hreim: „Ég ætla að fá tvær... tvö...tveir...two...“ Hún lítur hjálparvana á afgreiðslufólkid sem starir skilningsvana á móti. Að lokum tuldrar hún ofan í bringuna „...fimm kleinur“. Pað er auðveldast að biðja bara um fimm því talan fimm er eins í öllum kynjum og föllum. Fimm af öllu.

Pað er ekkert grín að vera útlendingur

og reyna að tala íslensku. Pað getur reynst flókið að fallbeygja og kyngreina tölzuorð ásamt því að fóta sig í ókunnu samfélagi. Íslendingar eru hjartahlyir, háværir, hressir, lokaðir, dónalegir og mjög duglegir að tala ensku. Sérstaklega við útlendinga sem eru að reyna að læra íslensku. Ekkert grín... en grín samt. Leikhópurinn Rauði þráðurinn frumsýnir í kvöld sýninguna „Ísland - best í heimi“ þar sem Breti, Tyrki, Grikkia og Frakki gefa áhorfendum innsýn í líf

innflytjandans á Íslandi. Leikstjórinn er Íslendingur og saman grínast þessi fimm með samskipti og samskiptaleysi Íslendinga og útlendinga, hugsunarausán dónaskap, þvermóðsku og ástfóurstur. Stundum á alvarlegum nótum. Pessir fimm kjarnaeinstaklingar hafa unnið að sýningunni í rúmt ár og eru nú tilbúnir til að sýna afraksturinn í Iðnó í kvöld. Er Ísland - best í heimi? Að einhverju leyti eru þau öll sammála um að svo sé.



Íslendingar eru engir asnar

María Reyndal er leikstjóri og hugmyndasmiður sýningaránnar Ísland - best í heimi. Hún hefur lengi haft áhuga á málefnum innflytjenda enda hefur hún nokkra reynslu af því sjálf að flytjast á framandi slóðir.

„Við gerum grín að þjóðarstoltinu og hvað við við Íslendingar þurfum að hampa okkur óskaplega og selja útlendingum hugmyndir um okkur, álfatrú og fegurð og það allt. Við grínumst líka með aðstæðurnar sem bæði Íslendingar og innflytjendur eru að lenda í núna, menningarárekstrum og samskiptaerfiðleikum.“

Mariú hafði lengi langað að kynna sér málefni innflytjenda á Íslandi. „Ég dvaldi á Nýja-Sjálundi í sex mánuði fyrir tveimur árum og þar eru innflytjendamál kannski á aðeins öðrum stað en hér á Íslandi. Við fjölskyldan fengum afar góðar móttökur og ég fór að hugsa um hvernig þessum málum væri háttar hér á landi. Nýsjálendingar eru mjög meðvitaðir um að taka útlendingum opnum örnum og eru kannski svolítið gestrisnari en ég held að við séum.“

Hugmyndin var sú að búa til spunaverk um málefni innflytjenda og samskipti innflytjenda og Íslendinga. „Auðvitað hafa alltaf verið útlendingar á Íslandi en síðustu fimm til tíu árin hefur orðið mikil breyting þar sem útlendingum hefur fjölgæð svo mjög að þeir eru orðnir mun sýnilegri og hafa meiri áhrif á samfélagið.“

Leikhópurinn tók viðtöl við fjölda manns, bæði útlendinga og Íslendinga. „Parna eru einnig sögur úr fræðiritgerðum sem hafa verið skrifaðar um asísku konurnar á Íslandi og þar fram eftir götunum. Svo komu margir að spunanum og umræðum með okkur og lögðu sína reynslu í púkkið, til dæmis Svanðís Gyða frá Filippseyjum sem hefur búið hér í fimmtíðar ár og einnig Peri frá Indlandi. Verkið er alls ekki bara úr sögum þeirra fjögurra sem eru á svíðinu, langt í frá. Við byrjuðum á því að hittast einu sinni í viku og spinna, unnum grind að senu og fengum Hávar Sigurjónsson til að skrifa hana og bæta við frá eigin brjóstí. Að skrifa leikverk á þennan hátt með leikurum og höfundi er mjög lifandi og skemmtilegt ferli. Við erum búin að vinna svona í meira en ár, með hléum reyndar þar sem ég átti barn í millitíðinni. Pað tekur heillangan tíma að safna að sér efni og móta hugmyndir.“

Mariá fullvissar blaðamann um að Íslendingar komi mjög vel út í verkinu. „Ég held að Íslendingar séu allir af vilja gerðir að gera rétt í málefnum innflytjenda. Íslendingar eru engir asnar og margt er vel gert. Pað sem er bæði jákvætt og neikvætt við Ísland er hvað hugmyndir eru fljótar að breiðast út. Ef einhver hegðun er talin æskileg er mjög auðvelt að koma þeim skilaboðum til allra. Á hinn bóginn er auðvelt að dreifa hræðsluárðri og neikvæðni, einmitt af því að við erum svo fá. Við getum verið meðvituð um það sem er að gerast í kringum okkur og tekið á því á réttan hátt,



ólíkt stærri samfélögum þar sem er erfiðara að koma skilaboðum um rétta hegðun út á meðal fólks. Við getum lært á mistökum annarra þjóða og höfum tækifæri til að taka rétt á vandamálum. Pess vegna er umræða um þessi mál svo mikilvæg.“

Samskiptin í vinnuferlinu voru að einu leyti ólík því sem María á að venjast. „Þetta er langkurteistasti hópur sem ég hef unnið með í íslensku leikhúsi. Við Íslendingar þekkjum ekki stéttaskiptingu sem gerir það að verkum að maður getur verið jafnfruntalegur við alla á meðan þau eru kurteis við mig og bera virðingu fyrir mér sem leikstjóra sýningaránnar og bera reyndar mikla virðingu bæði fyrir sjálfum sér og öðrum. Pau hafa kennt mér rosamikið um almenna kurteisi og jákvæð samskipti.“

Í svona hópi þar sem engir tveir eiga sama móðurmál var ákveðið að leika á íslensku sem María segir vera kraftaverk út af fyrir sig. „Pað er ekkert grín að segja „Ekki ætla ég annað en að hann hafi farið á fund skapara síns“ fyrir manneskjú sem talar ekki íslensku dagsdaglega. Sem bara einn leikarinn í sýningunni gerir.“

Sýningin er textuð á ensku til þess að bæði Íslendingar og þeir sem ekki skilja alveg íslensku geti farið saman á sýninguna og hlegið að aðstæðunum. „Þetta er kjörið tækifæri fyrir fjölbjóðlega vinustaði að hrista hópinн saman og vonandi skapast umræður í kjölfarið.“

Elskar skötu með sinnepssósu!

HVAÐ ERTU AÐ GERA HÉR?

Ég var gift íslenskum manni og við skildum. Mig langaði að kynna Íslandi aðeins betur áður en ég færí aftur heim. Og mér líður svo vel hér að það kemur bara í ljós hvenær og hvort ég fer heim aftur.

HVAÐ FANNST PÉR ERFIÐAST VIÐ AÐ KOMA HINGAÐ?

Tungumálið. Það er leiðinlegt að skil ekki neitt og ég var ekki vön neinu tungumáli sem er líkt íslenskunni. Ég hélt alltaf að allir væru reiðir við mig. Íslendingar eru ekki dónalegir en mér finnst fólk ekki kurteist. Kannski er tungumálið svo hart að þegar fólk segir „Kvassegiru?“ þá finnst mér það eins og áras. Það var líka erfitt að þekkja landið ekki neitt og stundum var ég einmana. Ég skrifa reglulega pistla fyrir dagblað í Tyrklandi og fyrst voru þeir bara um Ísland og hvernig það væri að vera hér. En nú tekst mér að skrifa stundum um eitthvað annað líka.

VAR EITTHVAÐ SEM KOM PÉR PÆGI-LEGA Á ÓVART?

Það var auðveldara að læra tungumálið en ég hélt. Ég tala auðvitað ennþá vitlaust en eftir nokkra mánuði í íslenskudeildinni í Háskólanum var ég farin að tala.

Ég varð ótrúlega hissa þegar ég sá fólk spá í kaffibolla. Við gerum það í Tyrklandi en ég hélt að við værum eina þjóðin sem les í bolla.

Maturinn kom mér líka skemmtilega á óvart. Ég hélt að maturinn yrði bara leiðinlegur, eins og í Bretlandi, en þið eigið bara rosagóðan mat. Ég elskar skötu með kartöflum og sinnepssósu, finnst hákarl góður en get ekki drukkið brennivín.

FÆRÐU HEIMPRÁ?

Á hverju ári, yfirleitt á sumrin. Mér finnst sumrin hér hálfert svindl en samt finnst mér frábært þegar allt er bjart allan sólarhringinn. Á veturna byrja jólín svo snemma og mér finnst svo gaman að baka og skreyta og allt svoleiðis.



TUNA METYA * TYRKNESK * 28 ÁRA
HEFUR BÚIÐ Á ÍSLANDI Í FIMM ÁR

ÁTTU ÍSLENSKA VINI?

Já besta vinkona míni er íslensk og mér þykir mjög vænt um það. Ég vildi ekki kynna bara útlendingum. Ég á samt marga útlenda vini en ég tala við þá á íslensku.

Ertu búinn að prófa íslenska stelpu?

HVAÐ ERTU AÐ GERA HÉR?

Ég vinn í franska sendiráðinu við að skipuleggja franska menningarhátið sem verður á næsta ári. Ég verð hér á vegum sendiráðsins í ár í viðbót og svo gæti ég alveg hugsað mér að vera lengur á Íslandi.

AF HVERJU VILTU VERA ÁFRAM?

Það er algjör klisia en ég elskar náttúruna og svo er Reykjavík mjög falleg og skemmtileg borg. Það eru auðvitað ákvæðin forréttindi að vinna í sendiráðinu og kannski verður allt erfiðara þegar ég verð á eigin vegum.

HVAÐ KOM PÉR MEST Á ÓVART PEGAR PÚ KOMST HINGAÐ?

Veturinn var auðveldari en ég hélt. Og mér fannst ég strax eiga heima hér, frá fyrsta degi.

HVER FINNST PÉR MESTI MUNUR-INN Á ÍSLENDINGUM OG FRÖKKUM?

Börn hér eru miklu frjálsari, sennilega vegna þess að Ísland er miklu öruggara en Frakkland. Og þau eru ekki beitt hirt-ingum. En ég var lengi að venjast því að ungabörn séu látin sofa úti, jafnvel um hávetur.



PIERRE ALAIN GIRAUD * 23 ÁRA
FRANSKUR * HEFUR BÚIÐ HÉR Í EITT ÁR

TALARÐU ÍSLENSKU?

Ég fór í tíma fyrst en þegar maður þekkir ekkert annað skandinavískt tungumál er íslenskan afar erfið. Ég hélt að það væri

ómögulegt að læra þetta mál en í leikritinu þarf eg að tala íslensku og læri á því.

MATURINN?

Fyrstu mánuðina borðaði ég ekkert nema pylsur, skyr og sukkulaðirúsínur! Hér eru góðir veitingastaðir og fiskurinn er frábær. En ég sakna þess að fá almennilegan ost.

HVAÐ ER DÆMIGERT FYRIR ÍSLENDINGA?

Íslendingar eru miklu beinskeyttari en Frakkar og ekki eins uppteknir af stöðu og stétt. Sem er gott.

ERTU MIKIÐ SPURÐUR UM ÍSLENSKAR KONUR?

Ég er mjög oft spurður hvað mér finnist um íslenskar konur og hvort þær reyni mikíð við mig, sérstaklega af íslendingum. Peir sprýja líka „Ertu búinn að prófa íslenska stelpu?“

HVERJU SVARAR PÚ?

Mér finnst íslenskar konur mjög fallegar og franskar líka. María leikstjóri er táknumynd Íslands og íslenskra kvenna í mínum huga.

www.fronkex.is



kemur við
sögu
á hverjum degi

Mjólkurkex
Í næstum 60 ár
hefur Mjólkurkxið
frá Frón verið
uppáhaldskex Íslendinga.
Það er kexið sem
fær okkur öll til að brosa
og kemur við sögu
á hverjum degi!

Frábært að hafa kennitölu

HVAÐ ERTU AÐ GERA HÉR?

Ég kom með íslenskum eiginmanni mínum. Við bjuggum um skeið í London en ákváðum svo að prófa að búa hér. Og erum hér enn.

HVERNING HEFUR GENGIÐ AÐ VINNA SEM LEIKARI?

Fyrsta árið mitt hérra leitaði ég ekki að vinnu, ég átti fullt í fangi með að reyna að passa hér inn. Undanfarið ár hef ég verið að leika í Sögu Guðríðar og svo hef ég lesið inn á auglýsingar og annað myndefni. Ég tala málið ekki fullkomlega og þá er auðvitað erfitt að fá vinnu sem leikari.

HVAÐ VAR ERFIÐAST VIÐ AÐ KOMA HINGAÐ?

Tungumálið var stærsta hindrunin og svo var erfitt að eignast vini. Flestir vinir mínr eru útlendingar. Sem er fint því við erum á sama báti en þjálfar kannski ekki hjá mér íslenskuna.

EITTHVAÐ SEM KOM PÉR Á ÓVART?

Mér finnst auðveldara að búa hér en ég átti von á. Og miklu einfaldara en að búa í London. Mér finnst kennitalan alveg dás-

amlegt fyrirbaði. Allt sem að mér snýr er á einni tölu og ég þarf bara að segja kennitöluuna mína og þá er hægt að leysa málin fyrir mig. Í Englandi þarf ég að hringja á tuttugu mismunandi staði.

ER LEIKRITIÐ GÓÐ ÚTRÁS FYRIR PIG?

Engin spurning. Við byrjuðum á því að tala saman og skiptast á reynslusögum sem var mjög gott því við höfðum öll lent í því sama og sögurnar okkar voru stundum nánast samhljóða, erfíðoleikarnir við tungumálið, að finna vinnu og eignast vini. Það var gott að vita að ég var ekki ein um mína líðan.

ERU ÍSLENDINGAR DÓNALEGIR?

Einu athugasemdirnar sem ég hef fengið um þjóðerni mitt eru: „Þú ert svo sæt, þú getur ekki verið Breti.“ Sem ég veit ekki hvort að taka sem hrósi eða móðgun.

Ég er sennilega orðin svo vön því að biðjast ekki afsökunar og fara ekki í biðröð að ég er hætt að taka eftir því hvort Íslendingar eru dónalegir. En ég tók eftir því fyrst. Það væri líka mjög dónalegt í Englandi að segja alltaf „Ha?“



CAROLINE DALTON * 30 ÁRA * ENSK
HEFUR BÚIÐ Á ÍSLANDI Í PRJÚ OG HÁLFT ÁR

FÆRÐU HEIMPRÁ?

Nei, ekki þannig. Ég sakna auðvitað fjölskyldu og vina og langar stundum á þöbbinn á sunnudögum. Mig langar ekki að vera hér að eilifu en mér líður vel.

Dónalegt að ropa og sjúga upp í nefið

HVAÐ ERTU AÐ GERA HÉR?

Ég kynntist kærastanum mínum í kvík-myndagerðarskóla þar sem ég var að læra að vera hljóðmaður og kom með honum hingað. Ég hef unnið í Latabæ, Stelpunum og bara haft nóg að gera.

HVAÐ VAR ERFIÐAST VIÐ AÐ KOMA HINGAÐ?

Mér fannst mjög erfitt að eignast íslenska vini. Íslendingar eru afar opnir og hjartahlírir og minna stundum á Grikkja en það er erfitt að komast nálægt þeim og ég varð að leggja mig mikið fram við að kynnast fólki og komast inn í samfélagið. Fólk hegðar sér öðruvísi hér en í Grikklandi og gerir allskonar hluti sem þar þættu mjög dónalegir eins og að ropa og sjúga upp í nefið á almannafæri. Mér fannst þetta skrýtið fyrst en nú er ég orðin vön því og það truflar mig ekki lengur.

EITTHVAÐ SEM PÚ HÉLST AÐ YRÐI ERFIÐARA EN PAÐ SVO VAR?

Ég hélt að það yrði mjög erfitt að fá vinnu. En ég var mjög heppin og eitt verkefni leiddi af öðru. Þegar ég kom hingað fyrst



DIMTRA DRAKOPOULOU * GRÍSK * 29 ÁRA
HEFUR BÚIÐ HÉR Í TVÖ OG HÁLFT ÁR

hélt ég að ég myndi þurfa að vera heima það sem eftir lifði ævinnar en það hefur ekki ræst. Ég er oftast mjög ánægð með

að vera hérra þó stundum langi mig bara að pakka ofan í tösku og flýta mér burt héðan, sérstaklega þegar veturinn er að koma. Ég geng í gegnum tímabil þar sem ég hata Ísland og svo líka tímabil þar sem ég elskar það.

HVERNING GENGUR PÉR AÐ TALA ÍSLENSKU?

Fyrsta eitt og hálfa árið talaði ég bara ensku í vinnunni og þurfti ekki að læra neina íslensku. En í leikritinu er ég farin að læra meira og er komin með meira sjálfstraust. Ef ég finn aðeins á mér á ég líka auðveldara með að tala íslensku.

ER EITTHVAÐ Í LEIKRITINU BYGGT Á PINNI EIGIN REYNSLU?

Já, ég man eftir einu atriði sem heitir Vinnupartí. Ég hef lent í því að heyra nafnið mitt í samræðum sem fara fram á íslensku fyrir framan mig og vita ekkert hvað er verið að segja.

SÉRDÚ FYRIR PÉR AÐ BÚA Á ÍSLANDI Í FRAMTIÐINN?

Já ég held það bara. Mér líður alltaf betur og betur hér.

Bakarí
fyrir
sælkera



Höfum opnað stórglæsilega verslun
að Háaleitisbraut 58-60.

Bjóðum alla velkomna



www.mosfellsbakari.is

Croissant

Til eru ótal útfærslur af heitum ofnréttum. Hér eru hins vegar tveir sem eru aðeins öðruvísi, því í þá báða eru notuð croissant – sem er skemmtileg tilbreyting frá venjulegu brauði. Þeir eru í eðli sínu svipaðir því báðir byggja á því að hornin eru bleytt upp með eggjablöndu (eggjum og mjólk), annar er þó sætur en hinn ekki. Réttirnir eru undir enskum áhrifum og í enskri matarhefð kallast réttir í ætt við þessa brauðbúðingar.

MATARMIKILL BRAUÐBÚÐINGUR

Fyrir 4-6

1 l mjólk
 1 hvítlauksrif, marið
 4 egg
 5 croissant
 5 skinkusneiðar
 180 g mozzarella-ostur, skorinn í sneiðar
 eða rifinn niður
 100 g rifinn ostur

Setjið mjólk í pott ásamt marða hvítlauksrifinu og komið upp suðu. Takið af hitanum og látið hvítlauksrifið standa í mjólkinni þar til hún kólnar, um 15 mín. Hrærið þá saman mjólk og egg í léttu blöndu. Skerið croissant-bollurnar í tvennt. Leggið skinku á neðri helminginn og mozzarellaost yfir. Lokið samlokunni. Smyrjið ofnfast mótt með smjöri. Leggið croissant-samlokurnar í mótið, þrýstið þeim vel saman svo allt komist fyrir. Hellið mjólkurblöndunni yfir brauðið og ýtið á það svo vökvinn sjúgist inn í það. Dreifið rifnum osti yfir. Látið standa í 20 mínútur áður en stungið í 200 gráða heitan ofn og bakað í um 20 mínútur. Fylgist vel með réttinum í ofninum, hann skal vera fallega gullinn og osturinn vel bráðinn. Berið fram heitt. Sniðugt með góðu salati og fleiri réttum á hlaðborði.



SELTIN

SALT • KRYDDSALT • JURTASALT



- Seltin er hollara en venjulegt salt
- Seltin inniheldur helmingi minna nátríumklóríð
- Seltin bragðast eins og venjulegt salt
- Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
- Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði
- Seltin þegar þú vilt minna salt en sama bragð
- Seltin fæst bæði fint og gróft
- Seltin í alla matargerð í stað venjulegs salts

SÆTUR BRAUÐBÚÐINGUR

Fyrir 6

- 4 croissant
- 50 g smjör
- 3 egg
- 50 g flórsykur
- 1 b mjólk
- 1 b rjómi
- fínt rifinn bökur af appelsínu
- 150 g súkkulaði, saxað
- 50 g möndluflögur

Smyrjið croissant báðum megin með mjúku smjöri (ekki skera það í tvennt). Hrærið saman egg, mjólk og rjóma í léttu blöndu ásamt flórsykri og appelsínuberki. Smyrjið ofnfast mótið með smjöri. Setjið smurt croissant í mótið, þrýstið vel saman svo allt komist fyrir. Dreifið söxuðu súkkulaði jafnt yfir. Hellid þá mjólkurblöndunni yfir braudið í forminu og ýtið á það svo vökvinn sjúgist inn í það. Stráið möndluflögum yfir. Látið standa í 20 mínútur áður en stungið í 200 gráða heitan ofn og bakað í um 20 mínútur. Fylgist vel með réttinum en hann er tilbúinn þegar braudið er gullið á toppunum og súkkulaðið vel brádið. Berið fram heitt en samt sem áður en rétturinn góður þótt hann kólni. Gott að hafa rjóma eða ís með fyrir þá sem vilja.



Lambrini

Lambrini Cherry er léttfreyðandi drykkur með kirsuberjabragði. 275 ml flaska kostar 250 kr. en 750 ml flösku er hægt að sérpanta og kostar hún 590 kr.

Bucks Fizz er blanda af ítölsku hvítvíni og appelsínusafa. Ferskur drykkur og góður, t.d. með brunch-rettum eða bara einn og sér. Bestur borinn fram ískaldur. Bucks Fizz er fáanlegt í 750 ml flöskum, sem kostar 590 kr., og frá 1. nóvember verður hægt að fá 200 ml flöskur í vínbúðum fyrir 250 kr.

Fyrir stelpur sem vilja skemmta sér...

VANDAÐAR VETRARVÖRUR

KYNNING



1



2



3



4



5



6




7



8



9



10



11

1. Next Kringlunni. 10.790 kr.
2. Sparkz Kringlunni. 6.990 kr.
3. Gallabuxnabúðin Kringlunni. 2.950 kr.
4. Deres Kringlunni. 4.990 kr.
5. Gallabuxnabúðin Kringlunni. 7.900 kr.
6. Next Kringlunni. 15.990 kr.
7. Companys Kringlunni. 23.990 kr.
8. Companys Kringlunni. 20.990 kr.
9. Benetton/Sisley Smáralind. Jakki 7.195 kr., skyrta 4.295 kr.
10. Next Kringlunni 13.990 kr.
11. Next Kringlunni. 16.990.

Töff að vera hlýtt

Kuldaboli kitlar okkur heldur mikið þessa dagana og einhvern veginn virðast tískupælingar okkar auðveldlega fjúka út í buskann þegar hin einfalda þörfá að halda á okkur hita tekur yfir. Þannig þarf það hins vegar alls ekkert að vera því það er vel hægt að vera skrambi smekklegur í kuldanum og það er alveg á hreinu að það er mjög töffað vera hlýtt. Það eina sem þarf er að eiga nokkra líti af treflum og húfum og para við fallegar þykkar ullarkápur, pelsa eða úlpur. Ullarsokkabuxur eru alveg jafn fínar og þær venjulegu og gammósíurnar sjást líka ekkert undir gallabuxunum. Svo er nóg að spreya sílikoni á fallegu stígvelin svo hægt sé að ösla slabb og polla án teljandi vandræða.



MED SLAUFU Dásamlega dömuleg húfa úr Glamúr.



HENTUGIR SKÓR Duga í hvaða veðurfari sem er. Campers skór úr Kron.



HUGGULEG Hrikalega girnileg peysa úr Kronkron.



RAUÐ OG FÍN Falleg húfa úr Spúútnik.




LÚFFUR Ekkert smá töffaralegar. Fást í Spúútnik.



FALLEGUR Pels í dásamlegum lit frá Spúútnik.



KÓSÍ Úlpa frá Henrik Vibskov. Fæst í Kronkron.

A man and a woman are shown in a romantic pose on a red motorcycle. The woman, wearing a red dress, sits on the motorcycle, holding a red apple. The man, wearing a grey t-shirt and jeans, is leaning in close to her. They are outdoors in a city setting with buildings in the background.

Red DELICIOUS

introducing

a new temptation in women's fragrance

DKNY
DONNA KARAN NEW YORK

experience the fragrance at DKNY.com

Tísku íkon #1 TWIGGY

Twiggy kom fyrst fram á sjónarsviðið í Englandi árið 1965 en þá var hún aðeins sextán ára gömul. Hún vakti athygli fyrir óvenjulegt útlit, en gælunafnið Twiggy fékk hún vegna þess hversu grönn og stráksleg hún var í vextinum. Twiggy varð fljótegla táknumynd fyrir firmta áratuginn og í raun er hún fyrsta súpermódelið sem sögur fara af. Mod lúkkið svokallaða (dregið af enska orðinu modern) varð fljótegla aðalsmerki hennar en með því er aðallega átt við stutt hár, stutta kjóla og há stígvél. Í dag er Twiggy 57 ára gömul og kemur m.a. fram sem dómarí í þáttunum America's Next Top Model. Á sínum tíma hafði hún gifurleg áhrif á tískuna og sjálfsmynnd ungra kvenna, en sumir halda því fram að aukna tíðni lystarstols á þessum árum megi rekja til þess hversu vinsæl fyrirmynnd Twiggy varð.



Farði fyrir allar konur

Olíulaus farði
Fyrir allar húðgerðir



Stift farði
Þekjandi farði fyrir normal húð

Púðurfarði
Hentar öllum húðgerðum



Olíulaus farði
Fyrir feita – normal húð

Fljótandi
Fyrir allar húðgerðir

Light diffusing
þekjandi, fljótandi farði
Hentar fyrir normal - þurra húð



VETRARLITIR RIFKA

**Brynhildur Björnsdóttir
elur upp**



Mamma þarf að vinna

Þegar ég skipulagði fæðingarorlofið mitt, fyrir svona ári síðan, fannst mér fjarstæða að taka mér lengra „fri“ en til níu mánaða. Ég sá fyrir mér að eftir þann tíma væri ég búin að ná mér andlega og líkamlega eftir fæðinguna og þá gríðarlegu breytingu sem verður þegar fjölgar í fjölskyldunni, og orðin leið að því að lesa góðar bækur og taka til í skápurum. Ég ákvæð samt að taka níu mánuði í staðinn fyrir sex því mér fannst eitthvað ómögulegt að fara aftur að vinna um hásumar og þótti sem haustið væri miklu fýsilegri árstími til að koma lífinu aftur í röð og reglu. Ég var mjög sátt við þessa ákvörðun mína í júní þegar miðnætursólin vakti okkur mæðgur á furðulegustu tímum sólarhringsins, fyrir utan það að ég sá ekki þá hvernig dóttir mín ætti að fara að án mömmu sinnar, jafnvel í smástund. Þá var ég hinsvegar ennþá alveg viss um að í október yrði ég alveg búin að fá nóg af því að vera heimavinnandi húsmóðir. En einn fagran haustdag var maðurinn minn farinn að undirbúa sitt fæðingarorlof sem þyddi að mínu var lokið. Eina bókin sem ég las í fæðingarorlofinu var Húsdýrin okkar eftir Halldór Pétursson. Í henni eru bara myndir. Og skáparnir eru jafnfullir af leyndardómum og fyrir ári.

